

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 70.2. í reglugerðinni orðist svo:

Ef um er að ræða gististað, þar sem eingöngu er gert ráð fyrir næturgistingu, þ.e. að einungis sé dvalið í herbergum yfir nótt, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá ákvæðum greinar 64.2 um gólfhlötu tveggja manna herbergis. Undanþága skal bundin skilyrðum um að gólfhlötu verði aldrei undir 9 m² og að á herbergi sé opnanlegur gluggi á útvegg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 11. apríl 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson

Nr. 249

10. apríl 1997

SAMÞYKKT

**bæjarstjórnar Sauðárkróks um útivistartíma
barna og unglinga á Sauðárkróki.**

1. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00, nema þeir séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglinga samkvæmt 1. og 2. gr. um tvær klukkustundir.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal unglingum á aldrinum 13 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þessi undantekningarregla skal túlkuð þannig að unglingur fái framangreinda heimild frá og með 1. janúar árið sem hann verður 14 ára.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur sett með heimild í 57. gr. laga, nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediktsdóttir.